



Nokkur ráð fyrir foreldra leikskólabarna

Fyrstu ár ævinnar eru mikilvæg fyrir þróun lestrar í framtíðinni. Þú byrjar aldrei of snemma að lesa fyrir barnið.

- **Lesið saman á hverjum degi.**
Lestu fyrir barnið á hverjum degi. Gakktu úr skugga um að þetta sé notaleg samverustund fyrir ykkur bæði. Háttatíminn er sérlega vel til fundinn tími til að lesa saman.
- **Settu nafn á hluti og athafnir.**
Snemma má byggja upp góðan orðaforða hjá börnum með því að setja orð á hluti og það sem verið er að gera. Spyrja má t.d. hvar er eyrað?, hvað gerir hundurinn? Hvernig mjálmar kisa? Bentu á nefið á barninu og spurðu: hvað er þetta?
- **Talaðu um hvað þér finnst gaman þegar þið lesið saman.**
Segðu barninu að þú hlakir til að eiga með því lestrarstund. Talaðu um sögustund sem uppáhalds stundina þína.
- **Lestu með tilbrigðum.**
Lestu fyrir barnið með því að breyta röddinni og leika persónur í sögunni. Gerðu þær spennandi.
- **Sýndu gagnkvæm tjáskipti**
Reyndu að fá barnið til að hlusta vel með því að tengja það sögunni. Ræddu um það sem gerist í sögunni og spurðu barnið spurninga. Hlustaðu á svör barnsins og spurðu út frá svörum þess.
- **Lestu það sama aftur og aftur.**
Barnið vill eflaust fá að heyra uppáhaldssöguna sína margsinnis. Lesu sömu bókina hundrað sinnum! Rannsóknir sýna að endurtekinn lestur styður lestrarfærni.
- **Talaðu líka um ritun.**
Dragðu athygli barnsins að því hvernig eyður eru á milli orða og hvernig lesið er frá vinstri til hægri með því t.d. að nota fingurinn við orð þegar þú lest.
- **Bentu á orð hvar sem þau er að finna.**
Talaðu við barnið um orð sem þið rekist á í umhverfinu og svaraðu með áhuga þegar barnið spyr spurninga um orð. Fáðu barnið til að leita að orðum þegar þið farið saman út.
- **Ef þig grunar að barnið eigi við erfiðleika að etja í málproska skaltu leita aðstoðar sem fyrst.**



Unnið af Jarþrúði Ólafsdóttur kennsluráðgjafa Skólaskrifstofu Austurlands í júní 2016 út frá síðunni
Tips for Parents of Preschoolers.